


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 1	Áfangaheiti NSFXS12 Kennsluáætlun vorönn 2011	

Kennari	Rögnvaldur R. Símonarson	Sk.st.	RÖS
----------------	--------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Náms- og starfsfræðsla, sem hér um ræðir, er bóklegt nám sem kennt er samhliða starfsnámi nemenda starfsbrautar á 3. og 4. ári. Nemendur kynnast helstu reglum (skrifuðum og óskrifuðum) sem gilda um mannleg samskipti á vinnustað. Frætt er um réttindi og skyldur starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Farið yfir öryggis- og umhverfismál, hættur og hollustu. Þá er einnig fjallað um þátt stéttarfélaga og hlutverk þeirra í samfélaginu. Í vettvangsferðum kynnast nemendur helstu atvinnufyrirtækjum í umhverfinu og þeim möguleikum sem það býður upp á m.t.t. atvinnuþátttöku nemenda.

Markmið:

- kynnist helstu atvinnufyrirtækjum í umhverfinu
- kynnist þeim atriðum sem taka ber tillit til við starfsval
- þekki tilgang starfa og mikilvægi þess í tengslum við önnur störf
- fræðist um öryggi og hollustuhætti á vinnustað
- fræðist um réttindi og skyldur launþega
- kunnir að lesa launaseðil og merkingu hans
- þekki helstu samtök launafólks í umhverfinu og hlutverkum þeirra

Námsgögn: Myndbönd, gátlistar og önnur ljósrit

Áætlun um yfirferð:

Fyrsta lota fer í að kynnast þeim vinnustöðum sem í boði eru og valið á starfsnámsstað undirbúið og farið í heimsóknir á vinnustaði. Einnig er farið yfir starfssnámsgátlista og farið yfir þau atriði sem skipta máli varðandi vinnuna.

Í annarri lotu vinna nemendur ferilskrá sína og gera lýsingu á starfsnámsstöðum á glærum. Áfram verður unnið með öryggismál og hollustuhætti á vinnustað. Jafnframt og samhliða þessu er alla önnina farið yfir stöðu starfsnámsins og vandamál sem kunna að koma upp og þau rædd.

Í þriðju og síðustu lotu eru lok starfsnámsins undir búin. Nemendur gera sjálfsmat. Farið yfir starfsmatið með atvinnurekanda og síðan nemendum og þeim kynntar niðurstöður þess.

Verkefni: Tímaverkefni

Námsmat og vægi námsþátta: Mætingar, áhugi og virkni 100%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils